

Heilbrigðiseftirlit
Norðurlands vestra
Ársreikningur 2018

Heilbrigðiseftirlit
Norðurlands vestra
Sæmundargötu 1
550 Sauðárkrókur

kt. 560195-2309

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra starfar í umboði Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra og sér um að framfylgja lögum nr. 7/1998 um hollustu hætti og menguarvarnir. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Hagnaður varð á rekstri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á árinu 2018 að fjárhæð 3.502 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir námu 10.603 þús. kr. og eigið fé heilbrigðiseftirlitsins var jákvætt um 7.089 þús. kr. í árslok 2018 samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki, / 2019

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra ("félagið") fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulegar rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggi framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar.

Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna mistaka eða sviksemi og eru taldir verulegar ef þeir einir sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.:

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnenda og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki / 2019.

RH Endurskoðun ehf.

Ragna Hrund Hjartardóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr.	2018	2018 Áætlun	2017
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		16.499.998	16.500.000	16.000.000
Eftirlitsgjöld		26.280.108	25.581.940	24.147.800
Aðrar sértekjur		6.122.175	2.582.044	3.931.165
		<u>48.902.281</u>	<u>44.663.984</u>	<u>44.078.965</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	32.304.980	31.751.810	29.509.213
Annar rekstrarkostnaður		13.014.716	11.962.650	10.993.013
Afskriftir	3	27.833	675.000	334.000
		<u>45.347.529</u>	<u>44.389.460</u>	<u>40.836.226</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		3.554.752	274.524	3.242.739
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur		158.133		129.424
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(211.169)		(207.419)
		<u>(53.036)</u>	<u>0</u>	<u>(77.995)</u>
Hagnaður ársins	5	<u>3.501.716</u>	<u>274.524</u>	<u>3.164.744</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

EIGNIR:

	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir:			
Bifreiðar		507.772	535.605
Fastafjármunir samtals	3	<u>507.772</u>	<u>535.605</u>
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur	4	4.718.703	1.970.445
Aðrar kröfur		685.534	648.659
Handbært fé		4.691.015	5.240.737
Veltufjármunir samtals		<u>10.095.252</u>	<u>7.859.841</u>
Eignir samtals		<u>10.603.024</u>	<u>8.395.446</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé		7.089.323	3.587.607
Eigið fé samtals	5	<u>7.089.323</u>	<u>3.587.607</u>

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir		346.395	1.947.758
Aðrar skammtímaskuldir		3.167.306	2.860.081
Skammtímaskuldir samtals		<u>3.513.701</u>	<u>4.807.839</u>
Skuldir samtals		<u>3.513.701</u>	<u>4.807.839</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>10.603.024</u>	<u>8.395.446</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins	5	3.501.716	3.164.744
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	27.833	334.000
Veltufé frá rekstri		<u>3.529.549</u>	<u>3.498.744</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun	(2.785.133)	(372.557)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(1.294.138)	1.604.501
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(<u>4.079.271)</u>	<u>1.231.944</u>
Handbært fé (til) frá rekstri	(<u>549.722)</u>	<u>4.730.688</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(549.722)	4.730.688
Handbært fé í ársbyrjun		<u>5.240.737</u>	<u>510.049</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>4.691.015</u>	<u>5.240.737</u>

Skýringar

1. Reikningskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

b. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

d. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2018. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

e. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar 5 ár

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Laun	26.677.865	24.508.130
Launatengd gjöld	5.986.901	5.373.686
Áunnið orlof, breyting	(2.299)	(7.366)
Annar starfsmannakostnaður	503.849	341.813
Þátttaka annarra í launakostnaði	(861.336)	(707.050)
	<u>32.304.980</u>	<u>29.509.213</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	2,60	2,60

Skýringar frh.:

3. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	5.077.716	5.077.716
Afskrifað áður	(4.542.111)	(4.542.111)
Bókfært verð 1.1.2018	535.605	535.605
Afskrifað á árinu	(27.833)	(27.833)
Bókfært verð 31.12.2018	507.772	507.772
Heildarverð 31.12.2018	5.077.716	5.077.716
Afskrifað samtals 31.12.2018	(4.569.944)	(4.569.944)
Bókfært verð 31.12.2018	507.772	507.772
Afskriftahlutföll	20%	

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 247 þús. kr. Breyting niðurfærslunnar á árinu greinist þannig:

	2018	2017
Niðurfærsla í upphafi árs	97.480	106.664
Tapaðar kröfur á árinu	(115.553)	(306.795)
Gjaldfærsla ársins	264.997	297.611
Niðurfærsla í lok árs	246.924	97.480

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	3.587.607	3.587.607
Hagnaður ársins	3.501.716	3.501.716
Staða 31.12.2018	7.089.323	7.089.323

Skýringar, frh.:

6. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2018	2017	2016	2015	2014
Rekstrartekjur	48.902	44.079	40.344	39.650	36.147
Rekstrargjöld án afskrifta	(45.320)	(40.502)	(40.277)	(37.141)	(35.364)
Hagnaður fyrir afskriftir	3.583	3.577	67	2.509	783
Afskriftir	(28)	(334)	(675)	(1.016)	(1.016)
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	3.555	3.243	(608)	1.493	(233)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(53)	(78)	26	(89)	(89)
Hagnaður (tap) ársins	3.502	3.165	(582)	1.404	(322)
Efnahagur:					
Fastafjármunir	508	536	870	1.544	2.560
Skammtímakröfur	5.404	2.619	2.247	884	1.031
Handbært fé	4.691	5.241	510	2.740	547
Eignir samtals	10.603	8.395	3.626	5.168	4.138
Eigið fé	7.089	3.588	423	1.005	(398)
Skammtímaskuldir	3.514	4.808	3.203	4.163	4.536
Eigið fé og skuldir samtals	10.603	8.395	3.626	5.168	4.138
Kennitölur:					
Veltufé frá rekstri	3.530	3.499	92	2.419	694
Handbært fé frá (til) rekstrar	(550)	4.731	(2.230)	2.193	834
Veltufjárhlutfall	2,87	1,63	0,86	0,87	0,35
Eiginfjárhlutfall	0,67	0,43	0,12	0,19	(0,10)

Sundurliðanir

	2018	2018 Áætlun	2017
Framlög sveitarfélaga:			
Framlag sveitarfélagsins Skagafjörður	7.066.308		6.819.272
Framlag Fjallabyggðar	3.629.032		3.552.648
Framlag Húnaþings vestra	2.111.112		2.042.294
Framlag Blönduósþéttbæjar	1.569.892		1.501.636
Framlag sveitarfélagsins Skagaströnd	858.422		851.100
Framlag Húnavatnshrepps	731.182		722.040
Framlag Akrahrepps	353.046		338.348
Framlag Skagabyggðar	181.004		172.662
	<u>16.499.998</u>	<u>16.500.000</u>	<u>16.000.000</u>
Laun og launatengd gjöld:			
Laun	25.770.484		23.764.112
Stjórnarlausn	907.381		744.018
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.159.619		2.728.711
Tryggingagjald	2.091.585		1.889.988
Sjúkra- og orlofssjóður	735.697		754.987
Áunnið orlof, breyting	(2.299)		(7.366)
Annar starfsmannakostnaður	503.849		341.813
Pátttaka annarra í launakostnaði	(861.336)		(707.050)
	<u>32.304.980</u>	<u>31.751.810</u>	<u>29.509.213</u>
Annar rekstrarkostnaður:			
Sýni og flutningskostnaður	3.490.491		3.534.458
Rekstur bifreiða	1.920.741		994.997
Endurskoðun og uppgjörskostnaður	1.254.488		1.264.504
Húsaleiga og viðhald	1.229.659		1.148.726
Dagpeningar	947.300		626.400
Sími og burðargjöld	714.596		744.001
Bifreiðastyrkir	696.520		354.200
Gjaldfærður búnaður og tæki	603.085		431.807
Internettengingar	505.217		482.948
Rekstur tölvukerfis	463.081		97.429
Ritföng, pappír og prentun	269.125		156.293
Tapaðar og niðurfærðar viðskiptakröfur	264.997		297.611
Ferðakostnaður	258.390		398.614
Auglýsingar og styrktarlínur	156.162		109.359
Félagsgjöld og annar kostnaður	96.000		74.690
Rafmagn	56.888		60.551
Námskeið og fundir	39.729		102.078
Tæknibækur, tímarit og blöð	25.440		44.116
Hreinlætisvörur	22.807		30.241
Lögfræðikosnaður	0		39.990
	<u>13.014.716</u>	<u>11.962.650</u>	<u>10.993.013</u>